

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 31.10.2024

Vallarhúsi

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Jóna Björg Pálmadóttir, Bergur Jónmundsson, Lilja Friðriksdóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Framúrskarandi ungir Íslendingar

27. október barst Völsungi barst ósk um að tilnefna framúrskarandi ungan einstakling á aldrinum 18-40 ára úr nærumhverfi sem ætti skilið viðurkenningu fyrir sitt ötula starf. Sérstök dómnefnd fer yfir tilnefningar og velur á endanum 10 framúrskarandi einstaklinga sem hljóta viðurkenningu. Einn úr þeim hóp hlýtur svo nafnbótina framúrskarandi ungur Íslendingur 2024.

2. Fyrsta hjálp

Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við Sölutraust og bjóða aðila frá þeim í heimsókn og útfæra lausnir á sjúkrakassa í vallarhúsinu.

3. Vallarúttekt á PCC vellinum á Húasvík

Fyrir aðalstjórn liggur til kynningar skýrsla sem unnin var af Fannari Helga Rúnarssyni leyfisstóra KSÍ. Skýrslan er unnin eftir heimsókn og úttekt á PCC völlum á Húasvík.

Skýrslan lögð fram.

Skýrslan hefur verið send á Norðurþing og leggur aðalstjórn áherslu á að hafist verði handa við undirbúningsvinnu og framkvæmdir sem fyrst.

4. Erindi frá barna- og unglingaráði

Þriðjudaginn 22. október barst aðalstjórn erindi frá barna- og unglingaráði þar sem óskað er eftir áframhaldandi stuðningi við starf ráðsins.

Aðalstjórn samþykkir erindi barna- og unglingaráðs.

5. Vinnustofa stefnumótunar í íþrótt- og æskulýðsmálum

Vinnustofa stefnumótunar í íþrótt- og æskulýðsmálum fór fram þriðjudaginn 29. október. Mæting frá Völsungi var góð og niðurstöður vinnustofunar eru notaðar í stefnumótunarvinnu í íþrótt- og æskulýðsmálum sem fer fram um þessar mundir.

Aðalstjórn er ánægð að vinna við stefnumótun sé í gangi.

6. Félagsgjöld

Á aðalfundi Völsungs 20.6.2024 var ákveðið að árgjald/félagsgjald í Völsung ætti að vera 4.500 kr.

Framkvæmdastjóra falið að kanna möguleika á að hafa kortið með rafrænum hætti og kynna það á næsta fundi aðalstjórnar.

7. Jólableið Völsungs

Hefja þarf vinnu við jólableið Völsungs.

Framkvæmdastjóri kallar eftir greinum frá deildum.

Fundi slitið: 18:30

